

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálastöðugleiki 2021/1



Kynningarfundur

14. apríl 2021

Fjármálastöðugleiki í hnotskurn



Viðvarandi atvinnuleysi. Viðbúið er að svo verði meðan áhrifa farsóttarinnar gætir



Ferðapjónustan enn í dvala – greiðsluvandi gæti raungerst í skuldavanda



Um 4,4% fyrirtækjalána í vanskilum og veruleg aukning í frystingu – mest í þjónustugeiranum



Aukin velta á fasteignamarkaði, styttri sölutími og færri eignir til sölu. Verðhækkningar enn hóflegar



Bankarnir voru reknir með töluverðum hagnaði á síðasta ári þrátt fyrir verulega aukna virðisrýrnun




Lausafjárstaða bankanna er áfram sterk og aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum greitt

Covid-19 aðgerðir - heimili

- Stuðningsaðgerðir stjórnvalda hafa
 - ... unnið á móti vaxandi atvinnuleysi
 - ... og vegið á móti tekjumissi þeirra sem misst hafa atvinnu
 - Tekist hefur að varðveita kaupmátt
- Laun hafa almennt farið hækkandi
 - Árshækkun vísitölu launa mældist 10,6% í febrúar
 - Árshækkun vísitölu kaupmáttar launa mældist 6,2% á sama tíma
- Vanskil heimilanna hafa ekki aukist enn sem komið er


Skráð atvinnuleysi og hlutabætur



Heimild: Stjórnarráð Íslands.

Covid-19 aðgerðir - fyrirtæki

- Fjöldmörg fyrirtæki sem áður nýttu sér úrræði um sérstakt greiðsluhlé hafa þurft á áframhaldandi stuðningi að halda
 - Hlutfall fyrirtækjalána í frystingu hefur hækkað verulega
 - Áhrif faraldursins á fyrirtæki misjöfn milli atvinnugreina
- Sókn í lán með ríkisábyrgð hefur verið minni en gert var ráð fyrir í upphafi
 - Um 12 ma.kr. frá upphafi faraldursins
- Beinir styrkir til fyrirtækja nema tæpum 32 ma.kr.
 - Mörg fyrirtæki, sérstaklega í ferðaþjónustu, orðin mjög skuldsett
 - Treysta nú á beina styrki frá hinu opinbera




Heimildir: Stjórnarráð Íslands, Seðlabanki Íslands.

Skuldir einkageirans

- Ársvöxtur skulda einkageirans mældist 2,5% að raunvirði á árinu 2020
 - Gengis- og verðlagsleiðréttur skuldavöxtur mældist 2,2%
- Hlutfall skulda einkageirans á móti VLF mældist 172,5% sem er hækkun um 16 prósentur á milli ára
 - Samdráttur landsframleiðslu vegur þungt í hækkun hlutfallsins

Þróun skulda einkageirans¹




1. Línur sýna breytingu á ársgrundvelli. 2. Verðtryggðar skuldir á föstu verðlagi og gengisbundnar á föstu gengi.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Skuldir heimila


- Raunvöxtur skulda heimila mældist 4,8% árið 2020 en hefur farið eilítið lækkandi síðan
- Hrein ný íbúðalán til heimila í febrúar höfðu lækkað um tæplega þriðjung frá hápunkti í október 2020
- Hlutdeild óverðtryggðra íbúðalána fer enn vaxandi á kostnað verðtryggðra lána.
- Aðeins lítill hluti nýrra óverðtryggðra íbúðalána bera fasta vexti.

Þróun skulda heimila¹



1. Línur sýna breytingu á ársgrundvelli.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hrein ný íbúðalán til heimila¹




1. Hrein ný útlán innlánsstofnana, lífeyrissjóða og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Tölur á föstu verðlagi.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Útlánagæði nýrra fasteignalána héldust nokkuð stöðug

- Samfara aukinni endurfjármögnun eldri lána jukust útlánagæði nýrra fasteignalána til neytenda á liðnu ári
- Meðaltal veðsetningarhlutfalls nýrra fasteignalána til neytenda hefur haldist nokkuð stöðugt eftir talsverða lækkun á vormánuðum
- Meðaltal greiðslubyrðarhlutfalls hefur heldur lækkað á síðustu mánuðum
 - Tímabundin hækkun á haustmánuðum er talin skýrast af metfjölda fyrstu kaupenda á þeim tíma


Próun veðsetningarhlutfalls nýrra fasteignalána til neytenda¹



1. Meðaltal veðsetningarhlutfalls nýrra fasteignalána KMB og HMS til neytenda og hlutfall nýrra lána umfram 80% og 85%. Frá ágúst 2020 ná tölur einnig yfir ný lán stærstu lífeyrissjóða.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Próu neytenda¹ hlutfalls nýrra fasteignalána til einstaklinga¹




1. Meðaltal greiðslubyrðarhlutfalls nýrra fasteignalána KMB og HMS til neytenda og hlutfall nýrra lána yfir 30%, 35% og 40%. Frá ágúst 2020 ná tölur einnig yfir ný lán stærstu lífeyrissjóða.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Skuldir fyrirtækja

- Raunvöxtur skulda fyrirtækja var 0,4% á árinu 2020
 - Skuldir við erlend fjármálafyrirtæki jukust en skuldir við innlend fjármálafyrirtæki drógust saman.
- Gengisveiking krónunnar á árinu jók skuldir í krónum talið
- Gengis- og verðlagsleiðréttur skuldavöxtur fyrirtækja mældist -1,0%
- Hrein ný útlán innlánsstofnana til fyrirtækja hafa aftur á móti mælst jákvæð á síðustu mánuðum

Þróun skulda fyrirtækja¹





1. Skuldir við fjármálafyrirtæki og útgefin markaðskuldabréf. Breyting á ársgrundvelli. 2. Verðtryggðar skuldir á föstu verðlagi og gengisbundnar á föstu gengi.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Vanskil og útlán í frystingu

- Í lok febrúar var vanskilahlutfall útlána KMB til heimila 1,2% en um 2,2% útlána til heimila voru í frystingu
 - Vanskilahlutfallið hjá heimilum lækkaði um tæpa prósentu frá árslokum 2019 en útlán í frystingu hafa aukist um rúmt prósentustig síðastliðið ár
- Vanskilahlutfall fyrirtækjalána mældist 4,4% og hafði hækkað um 0,6 prósentur frá árslokum 2019
 - Hlutfallið er hæst í ferðapjónustu, eða um 12%, á meðan aðrar atvinnugreinar eru talsvert lægri
- Hlutfall fyrirtækjalána í frystingu mældist 17% í lok febrúar, hækkun um rúmar 13 prósentur frá árinu áður
 - Umfang frystra útlána er mest í þjónustugeira þar sem hlutfallið var 42%. Einnig hefur umtalsverð aukning verið í fasteignageiranum¹




1. Í gögnunum er ferðapjónusta ekki sundurliðuð sérstaklega sem atvinnugrein og fellur því undir aðrar atvinnugreinar. Að stærstum hluta tilheyrir hún hér þjónustugeiranum, en einnig að nokkrum hluta undir fasteignageirann.

Greiðsluvandi gæti breyst í skuldavanda hjá ferðapjónustunni


- Miklar takmarkanir eru enn í gildi á ferðum milli landa vegna farsóttarinnar
- Útlánavöxtur KMB til ferðapjónustu var rúmlega 11% á síðasta ári
 - Frestaðar afborganir og vaxtagreiðslur, ný lán með ríkisábyrgð, lán í erlendum myntum hækkuðu í krónum talið
- Greiðsluvandi gæti breyst í skuldavanda hjá stórum hluta greinarinnar
 - Endurskipulagning skulda á að stórum hluta eftir að fara fram

Brottfarir erlendra ríkisborgara frá Keflavíkurflugvelli



Heimild: Ferðamálastofa, Isavia.

Útlán KMB til ferðapjónustu




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Verulega aukin velta á fasteignamarkaði


- Mikil veltuaukning á íbúðamarkaði á seinni hluta síðasta árs
 - Veltan í janúar og febrúar jókst um nærri 50% að raunvirði milli ára
- Vaxtalækkunarir örvuðu markaðinn – Kaupendur fyrstu fasteignar aldrei með meiri markaðshlutdeild
 - Vextir nýrra óverðtryggðra íbúðalána rúmlega 1,5 prósentum lægri en fyrir ári – verðtryggðir vextir 1,1 prósentu lægri
- Í febrúar hafði raunverð íbúðarhúsnæðis hækkað um 3,1% síðustu 12 mánuði

Raunverð íbúða og velta á höfuðborgarsvæðinu¹



1. Velta á fasteignamarkaði á föstu verðlagi í desember 2020.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki

Vegnir vextir nýrra fasteignalána til neytenda




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Nýjum byggingaverkefnum hefur fækkað

- Metfjöldi nýrra íbúða kom inn á markaðinn á síðasta ári skv. tölum Hagstofunnar
 - Um fjórðungs samdráttur var þó á íbúðum í byggingu í lok ársins sbr. við lok árs 2019
 - Íbúðatalning SI frá mars sl. sýnir einnig mikla fækkun á íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu
- Vísbendingar um að byggingageirinn hafi ekki orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna farsóttarinnar
 - Skuldir byggingageira við KMB hafa dregist saman vegna mikilla uppgreiðslna – aðgengi að fjármagni enn gott


Velta á byggingamarkaði og bygging íbúðarhúsa á landinu öllu¹



1. Velta á byggingamarkaði er sýnd sem 12 mánaða hlaupandi meðaltal.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hrein ný útlán til byggingageirans¹




1. Ný útlán innlánsstofnana að frádregnum uppgreiðslum og innborgunum á lán umfram samningsbundnar greiðslur.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Töluverð velta á markaði með atvinnuhúsnæði

- Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 4,2% milli ára á 4. ársfjórðungi
 - Verð mælist enn yfir langtímaleitni
- Velta jókst í lok árs eftir mikinn samdrátt á f.hl. árs
 - Velta ársins 5% lægri en 2019 að raunvirði
- Rekstur stóru fasteignafélaganna var sterkur á seinni helmingi síðasta árs
 - En sjóðstreymi dalaði verulega yfir árið
- Félögin hafa endurfjármagnað á bættum kjörum
 - Á síðustu 6 mánuðum hafa þau gefið út skuldabréf á markaði fyrir rúma 40 ma.kr. að nafnvirði
- Lausafjárstaða þeirra er því enn viðunandi
 - En lakt sjóðstreymi yfir lengra tímabil væri áhyggjuefni

Raunverð og -velta atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu¹




1. Verðvísitala raunvirt með VNV. Vísitalan byggir á vegnu meðaltali iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Nýjasta gildi hennar er til bráðabirgða. Veltuvísitala sýnir hlaupandi meðaltal veltu síðustu fjögurra ársfjórðunga, raunvirt með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hærri veðsetningarlutföll lána með veði í atvinnuhúsnæði


- Veðsetningarlutföll bankalána með veði í atvinnuhúsnæði hækkuðu á sl. ári og óvarin áhætta jókst nokkuð
 - Fjárhæðir yfir 90% veðsetningarlutfalli eru þó viðráðanlegar í samhengi við eiginfjárgrunn bankanna
- Vanskilahlutföll hækkuðu úr 2,2% upp í 3,3% á árinu, mest á lánum til lánþega sem reka gististaði
 - Enn lítil vanskil og heilbrigð veðsetningarlutföll á lánum til lánsfjárfrekustu atvinnugreinanna
- Vöxtur í stofni atvinnuhúsnæðis nokkuð hóflegur á síðasta ári að gistirými undanskyldu
 - Mikið hótél- og gistirými enn í byggingu á höfuðborgarsvæðinu - ekki líkur á miklu offramboði í öðrum húsnæðisgeirum

Dreifing veðsetningarlutfalla á útlánnum með veði í atvinnuhúsnæði¹



1. Lán til allra atvinnugreina nema sjávarútvegs, landbúnaðar, samgangna og flutninga, samkvæmt ÍSAT2008-atvinnugreinaflokkun skuldara. Eftirstöðvum sérhvers láns er skipt niður á veðsetningarbil og svo lagt saman innan hvers bils. Fast verðlag desember 2020. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Vanskilahlutföll útlána viðskiptabanka með veði í atvinnuhúsnæði




1. Árslokátölur. Vanskilahlutföll eru reiknuð miðað við 90 daga vanskil skv. lánaaðferð. Skuldarar eru flokkaðir í atvinnuhúsnæðisgeira í samræmi við mat Seðlabanka Íslands á því hvaða húsnæði þeir séu líklegastir til að nýta helst, miðað við ÍSAT2008-atvinnugreinaflokkun þeirra. Tölur ofan súlna fyrir árið 2020 tákna hlutfall eftirstöðva útlána í viðkomandi flokki af öllum útlánnum með veði í atvinnuhúsnæði. Heimild: Seðlabanki Íslands.

Erlent fjármagn leitar út og lífeyrissjóðir draga úr gjaldeyriskaupum


- Hrein nýfjárfesting var neikvæð um 57 ma.kr. árið 2020 og um 58 ma.kr. á fyrsta fjórðungi 2021
 - Aðallega sala nokkurra erlendra aðila á ríkisbréfum og hlutabréfum í Arion banka
- Erlendir aðilar eiga um 45 ma.kr. í ríkisbréfum og um 70 ma.kr. í öðrum auðseljanlegum krónueignum og innstæðum
- Dregið hefur úr gjaldeyriskaupum lífeyrissjóða eftir kipp í haust
 - Lífeyrissjóðir keyptu erlendan gjaldeyri fyrir 56 ma.kr. árið 2020 og 13 ma.kr. á fyrsta fjórðungi 2021

Skráðar nýfjárfestingar fyrir erlent fjármagn¹



1. Heildarfjárfesting, ný- og endurfjárfestingu. Innflæði með dökkum lit en útfæði með ljósari blæ.
 Heimild: Seðlabanki Íslands.

Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóða




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði eftir ólgusjó fjármagnsstrauma


- Nokkur ólga var á gjaldeyrismarkaði á seinni hluta árs 2020 er erlent fjármagn leitaði úr landi
- Seðlabankinn seldi erlendan gjaldeyri úr gjaldeyrisforða sem nemur 135 ma.kr. á tímabilinu sept. 2020 – mars 2021
 - Þar af 66 ma.kr. í reglubundinni sölu
 - Hlutdeild Seðlabankans í heildarveltu á millibankamarkaði var um helmingur á tímabilinu
- Aukinn stöðugleiki var á gjaldeyrismarkaði á fyrsta fjórðungi ársins og hækkaði gengið um 3,4%

Gengi krónunnar og viðskipti Sí á millibankamarkaði með gjaldeyri
1.9.2020-31.3.2021



1. Viðskiptavog þröng (1%).
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Erlend staða batnar og viðskiptajöfnuður lítilega jákvæður


- Hrein erlend staða var jákvæð um 35% af VLF í lok árs 2020 og batnaði um 14 prósentur á milli ára
 - Hrein erlend verðbréfastaða batnaði mest, aðallega hækkun erlendra eigna lífeyrissjóða sem nemur 14,9% af VLF
- Viðskiptaafgangur dróst verulega saman árið 2020 og var 1% af VLF
 - Halli var á vöru- og þjónustuviðskiptum sem nemur 0,6% af VLF en það hefur ekki gerst síðan árið 2008
 - Hreinar útflutningstekjur af ferðaþjónustu voru 1,5% af VLF og drógust saman um 80% á milli ára

Hrein erlend staða þjóðarbúsins



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Viðskiptajöfnuður



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Gjaldeyrisforði stenst öll helstu forðaviðmið

- Gjaldeyrisforði er stór, 857 ma.kr. í lok mars sl., og vel nægjanlegur miðað við helstu forðaviðmið þrátt fyrir gjaldeyrissölu Seðlabankans undanfarin misseri
- Hlutfall gjaldeyrisforða og forðaviðmiðs AGS var 152% í lok árs 2020
- Hlutfallið hækkar að öðru óbreyttu í 168% vegna 117 ma.kr. skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs í evrum í febrúar
 - Næmnigreining sýnir að forðinn stenst auðveldlega útflæði allra auðseljanlegra krónueigna og innstæðna



- Forðaviðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
- Gjaldeyrisforði
- ◆ Forði / Forðaviðmið AGS


1. Miðað við stöðu forða í lok árs auk áhrifa nýlegrar skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs í evrum á hlutfallið. 2. Innstæður, innstæðubréf í Seðlabanka Íslands, ríkisbréf og íbúðabréf í eigu erlendra aðila. 3. Án hlutabréfa sem falla undir beina erlenda fjárfestingu og hlutabréfa sem skráð eru í kauphallir erlendis.
Heimild: Seðlabanki Íslands.



Fjármálakerfið


KMB - Áhrif farsóttarinnar minni en útlit var fyrir

- Hagnaður KMB 29,7 ma.kr. á árinu 2020 og jókst um 2 ma.kr. frá árinu 2019, þrátt fyrir að virðisrýrnun hafi verið 25,9 ma.kr. sem er aukning um 17,2 ma.kr. milli ára
- Arðsemi aftur byrjuð að aukst og undirliggjandi rekstur heldur áfram að batna
- Vaxtamunur lækkar en hreinar vaxtatekjur haldast nánast óbreyttar frá 2018 þar sem efnahagsreikningur stækkar



1. Arðsemi er reiknuð út miðað við meðalstöðu eigin fjár. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. 2. Arðsemi reglulegra tekna miðast við hreinar vaxta- og þóknunartekjur að frádrögnum reglulegum kostnaði. Skatthlutfall er 20% og miðað er við meðalstöðu eigin fjár. Valitor undanskilið árin 2017-2020 og Borgun 2020.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.


KMB: Hreinar vaxtatekjur, heildareignir og vaxtamunur¹




1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.

KMB – Útlán og virðisrýrnun aukast en eiginfjárstaða sterk

- Útlán aukst á öllum stigum en þó sérstaklega útlán á stigi 2 en mikill meirihluti útlána sem tilheyra ferðapjónustu voru færð af stigi 1 yfir á stig 2. Stór hluti þessara útlána er nú í frystingu. Virðisrýrnun eykst einnig mest vegna þessara lána
- Eiginfjárhlutfall bankanna 6-9 prósentum fyrir ofan lágmarks eiginfjárkröfu sem Seðlabankinn gerir
- Engar arðgreiðslur og lækkun á sveiflujöfnunaraukanum veitir bönkunum aukið svigrúm varðandi eiginfjárstöðuna




1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. IFRS-9 flokkun útlána til einstaklinga og fyrirtækja.
Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka. og kynningarefni.


KMB – Lausafjárstaða vel yfir lágmarkum SÍ

- Lausafjárhlutföll allra bankanna eru vel yfir lágmarkskröfum Seðlabankans þrátt fyrir óvissu í efnahagsmálum
- Bankarnir hafa í auknum mæli fært lausafjäreignir í krónum í ríkistryggða víxla og skuldabréf og á árinu 2020 hefur eign þeirra aukist um 155 ma.kr. Bankarnir hafa því fjármagnað ríkissjóð um það sem það nemur
- Bankarnir hafa lánað til heimila töluvert umfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem hefur haft neikvæð áhrif á lausafjárstöðu bankanna



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

KMB: Hágæða lausafjäreignir í íslenskum krónum




Soucre: Central bank of Iceland.

KMB – Vaxtaálag á erlendum mörkuðum hefur lækkað


- Rúm lausafjárstaða bankanna í erlendum gjaldmiðlum sl. ára veitti þeim svigrúm til að halda að sér höndum við skuldabréfaútgáfu á erlendum lánsfjármörkuðum þegar farsóttin stóð sem hæst. Bankarnir hafa þó allir gefið út stórar útgáfur til lengri tíma á sl. mánuðum eftir að vaxtaálag lækkað á ný
- Vaxtaálag á erlendum útgáfum byrjaði að lækka verulega á seinni hluta síðasta árs og er álagið nú lægra en það var áður er farsóttin braust út
- Það sem eftir lifir árs eru um 45 ma.kr. á gjalddaga í erlendum gjaldmiðlum

KMB: Skráð erlend markaðsskuldabréf eftir gjalddögum¹



1. Miðað við gengi 9.4.2021. KMB: Kerfislega mikilvægir bankar.
Heimild: Nasdaq Ísland.

KMB: Vaxtaálag á völdum skráðum erlendum skuldabréfum í evrum¹



1. KMB: Kerfislega mikilvægir bankar. Vaxtaálag á viðmiðunarkúrfu skuldabréfa í evrum. Viðmiðunarkúrfan er samsett úr ríkisskuldabréfum Evrulanda auk skuldabréfa sveitarfélaga með lánshæfismatið AAA í Evrulöndum.
Heimild: Refinitiv Datastream.

Könnun á viðnámsþrótti




Könnun á viðnámsþrótti

- Gengur út á að finna hvaða þróun hagstærða gæti leitt til svo mikillar lækkunar eiginfjárlutfalla að það hafi slæm áhrif á framboð lánsfjár
- Eiginfjárlutföll KMB voru 6,0-8,6% umfram heildarkröfu í lok 2020 svo áskorunin er að finna þröskuld sem gæti leitt til skerts framboðs lánsfjár en er jafnframt innan seilingar fyrir tölfræðilíkönin
- Ef KMB uppfylla ekki 75% samantlagðrar kröfu um eiginfjárauka takmarka reglur um hámarksútgreiðslufjárhæð samantlagða fjárhæð arðgreiðslna, kaupauka og endurkaupa eigin bréfa við 40% hagnaðar en stefna þeirra er að greiða út minnst 40-50% hagnaðar.
- Líklegt er að þeir grípi til aðgerða sem ætlað er að verja eiginfjárlutfallið en geta jafnframt haft neikvæð áhrif á framboð lánsfjár ef eiginfjárlutföllin stefna undir mörkin
- CET-1 hlutföll bankanna þyrftu að lækka um 7,8-10,4% miðað við árslokastöðu 2020
- Greiningin er framkvæmd með eigin líkönum Seðlabankans en niðurstöðum hennar ber að taka með fyrirvara um að tölfræðileg óvissa er þó nokkur

Niðurstöður



- Sviðsmynd sem gæti leitt til að eiginfjárhlutföll bankanna rýrni um allt að 7,8-10 prósentustig:
 - Útflutningur myndi ekki aukast á ný fyrr en seint á árinu 2022 (eftir 30% samdrátt 2020)
 - Ferðamönnum fjölgi ekkert að marki fyrr en seint 2022
 - Viðbótaráfall yrði í sjávarútvegi
 - Efnahagsbati myndi því ekki byrja fyrr en seint á árinu 2022 og hagvöxtur taka almennilega við sér 2023
 - Landsframleiðslan 2022 væri rúmlega 10% lægri en 2019 og 18% minni en búist var við í spá Peningamála 2019/4
 - Atvinnuleysi yrði sögulega hátt og langlíft (um 10% að meðaltali 2021-2022)
 - Íbúðaverð lækkaði um 11% að nafnvirði frá árslokum 2020 til ársloka 2022 en verð atvinnuhúsnæðis um rúm 29%



Rammagreinar

Rammagreinar

- Stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði eftir ólgusjó fjármagnsstrauma
- Loftslagsmál og fjármálastöðugleiki
- Ógnar COVID-19 fjármálastöðugleika erlendis?
- Munur á vöxtum útlána og fjármögnunar KMB
- Skilavald Seðlabanka Íslands
- Nýtt millibankakerfi
- Greiðsluhegðun heimila

Fjármálastöðugleiki í hnotskurn



Viðvarandi atvinnuleysi. Viðbúið er að svo verði meðan áhrifa farsóttarinnar gætir



Ferðapjónustan enn í dvala – greiðsluvandi gæti raungerst í skuldavanda



Um 4,4% fyrirtækjalána í vanskilum og veruleg aukning í frýstingu – mest í þjónustugeiranum



Aukin velta á fasteignamarkaði, styttri sölutími og færri eignir til sölu. Verðhækkningar enn hóflegar



Bankarnir voru reknir með töluverðum hagnaði á síðasta ári þrátt fyrir verulega aukna virðisrýrnun



Lausafjárstaða bankanna er áfram sterk og aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum greitt